

# Tyllidagar



## Útskýringar á íslenskum hátíðisdögum og siðum

## شرح سنت ها و مناسبت های خاص ایسلندی

*Enska - English*
*Pólska - Polski*
*Spænska - Español*
*Filippseyska - Filipino*
*Arabíska - عَرَبِيّ*
*Rússneska - Русский*
*Kúrdíska - كوردی*
*Litháíska - Lietuviškai*
*Albanska - Shqip*
*Víetnamska - Tiếng Việt*
*Tælenska - ภาษาไทย*
***Farsi - فارسی***

# Þorrablót



Þorrablót var hátíð á öldum áður þegar Íslendingar blótuðu Þór sem var guð í norrænni ásatrú. Nú til dags fagna Íslendingar þorrablóti á sama tíma til að fagna þorramánuði sem áður var á dagatali Íslendinga. Í gamla daga var árinu skipt í tvær árstíðir, sumar og vetur. Þorri var fjórði mánuður vetrar og var frá 19.-25. janúar til 18.-24. febrúar. Fyrsti dagur þorra var bóndadagur. Íslendingur halda þorrann hátíðlegan með því að borða hefðbundinn vetrarmat sem var það eina sem var í boði yfir vetrartímann. Maturinn var yfirleitt fiskur og kjöt sem var geymt í salti og sýru. Í dag fagna Íslendingar þorranum með mikilli skemmtun þar sem sungið er og dansað og snæddur  matur sem mörgum finnst ógeðfelldur. Þar má nefna blóðmör og lifrarpylsu sem saman er kallað slátur, sviðnir kindahausar (svið), kæsturhákarl og súrir hrútspungar. Annar eðlilegri matur er rúgbrauð sem áður var bakað við jarðhita, skyr, hangikjöt og harðfiskur með smjöri.

# ثورابلوت

در گذشته ، ایسلندی ها الهه ای به نام ثور ، خدای مردم وایکینگ را می پرستیدند ، در این روز ایسلندی ها آیین های ثوري / Þorri را به دلیل پیروی از آداب و رسوم از گذشته جشن می گیرند ، در سال فقط دو فصل وجود داشت ، زمستان و تابستان ، ماه ثوري طبق تقویم سالانه ایسلند چهارمین ماه در زمستان بود آغاز جشن از 19 ژانویه تا 25 ژانویه و تا 18 فوریه تا 24 فوریه بود. اولین روز از ماه ثوري به عنوان روز شوهر ، رئیس خانه یا کشاورز و کشاورز در نظر گرفته می شود. ایسلندی ها آیین های ثوري را با تهیه یک وعده غذايي زمستانی مانند آن روزها که حاوی ماهی و گوشت بود که در نمک و اسید حفظ می شد ، جشن می گیرند. امروزه ایسلندی ها آیین های ثوري را با یک مهمانی رقص جشن می گیرند و در آن آنها این غذا را می خوانند که طعم آن تا حدودی عجیب است ، مانند پودینگ سیاه ، سوسیس کبدی ، یک بشقاب شکم گوسفندی ، سر خشک گوسفند و بیضه گوسفند ترشی در نوعی ترش ، و همچنین نان ذرت ، ماست ، گوشت دودی و ماهی خشک با کره می خورند

# Bóndadagurinn

Fyrsti dagur mánaðarins þorra í gamla norræna tímatalinu er nefndur bóndadagur. Hann er alltaf á föstudegi í 13. viku vetrar. Sú hefð hefur skapast er að konur gefi bónda sínum blóm eða smágjöf á þessum degi.

بونداداگور / روز مردان: اولین روز ماه ثور (در تقویم قدیمی اسکاندیناوی به نام روز شوهر ، چوپان خانه نامیده می شود) و همیشه جمعه هفته سیزدهم زمستان است. این رسم است که امروز زن گل یا یک هدیه کوچک به شوهرش هدیه می کند.

# Konudagurinn

Konudagur er fyrsti dagur mánaðarins góu í gamla norræna tímatalinu sem er sunnudagurinn í 18. viku vetrar á milli 18. – 24. febrúar. Sú hefð er að menn gefi konum blóm í tilefni konudagsins.



کونوداگور/ روز زن : روز همسر در تقویم
قدیمی ایسلندی اولین روز ماه گوا است
و یکشنبه هفته هجدهم زمستان بین 18
تا 24 فوریه است. رسم بر این است که
مردان در روز زن به زنان گل می دهند

# Bolludagurinn

Á Íslandi hefur tíðkast að borða bollur sem eru annað hvort vatnsdeigsbollur eða gerbollur fylltar með allskyns rjóma og sultu.
Rík hefð var fyrir því að föndraðir voru bolluvendir, oftast úr litríkum pappírsræmum sem límdar eru á prik. Börn flengdu svo foreldra sína með vendinum og hrópuðu;
Bolla! Bolla! Bolla!

بولوداگور: در این روز ایسلندی ها نان شیرینی پر از خامه و مربا می خورند و طبق عادت خود بچه ها اسباب بازی را به صورت شلاق تزئین شده با کاغذهای رنگی درست می کنند و پدر و مادر خود را سه بار از پشت می زنند (معمولاً برای شوخی) و شعار می دهند: بولا بولا بولا



**Sprengidagurinn**

Á þessum degi tíðkast á flestum heimilum á Íslandi að elda réttinn ,,Saltkjöt og baunir“.

سپرینگیداگور: روز تورم تا زمان انفجار. در این روز ایسلندی ها گوشت نمکی را با حبوبات می پزند و این روز را روز انفجار می نامند ، نوعی شوخی است زیرا روزی است که لوبیا تا زمان انفجار با گوشت خورده می شود.



# Öskudagurinn

Á þessum degi er hefð fyrir því að börn klæði sig í grímubúning og syngi fyrir fólk og fái að launum sælgæti. Að hengja öskupoka á fólk tíðkast á Íslandi og var lykilatriðið að koma pokunum fyrir svo að fórnarlambið tæki ekki eftir því.

اوسکوداگور : روز خاکستر در این روز ،
کودکان با لباس (مانند هالووین در آمریکا)
لباس می پوشند و کودکان به دلیل شوخ
طبعی کیسه های خاکستر را پر می کنند و
آنها را پشت بزرگسالان پنهان می کنند.





# Páskar

Páskahátíðin tengist kristinni trú. Síðasti sunnudagur fyrir páska nefnist pálmasunnudagur. Fimmtudagur fyrir páska heitir skírdagur og daginn eftir er föstudagurinn langi en þá er frídagur. Páskadagur er sunnudagur og þá borða börn súkkulaði sem kallast páskaegg.

پاوسکار: در این جشن ، مسیحیان
رستاخیز مسیح را جشن می گیرند که
آخرین یکشنبه روز رستاخیز است و به
این روز یکشنبه نخل یا زیتون نیز گفته
می شود. پنجشنبه قبل از عید پاک ، روز
تعمید نامیده می شود و بعد از آن روز
مصلوب شدن جمعه طولانی فرا می
رسد. عید پاک از روز یکشنبه آغاز می
شود و مردم روز رستاخیز مسیح را به
یاد می آورند همچنین در این روز
کودکان خوردن شکلات را به شکل تخم
مرغ ، به نام تخم مرغ پاوسکا جشن می
گیرند



# Sumardagurinn fyrsti

Sumardagurinn fyrsti er fyrsti dagur hörpu, sem er fyrstur af sex sumarmánuðum í gamla norræna tímatalinu.
Sumardaginn fyrsta ber alltaf upp á fimmtudag á tímabilinu 19. – 25. apríl. Samkvæmt íslenskri þjóðtrú boðar það gott sumar ef sumar og vetur frjósa saman. Á undanförnum árum hefur færst í vöxt að bæjarfélög haldi ýmiss konar hátíðir fyrir börn og fjölskyldur þeirra á þessum degi.

## اولین روز تابستان

در تقویم اسکاندیناوی اولین روز ماه (هارپا) است و در تقویم باستانی وایکینگ ها اولین ماه از شش ماه تابستان است. طبق باور قدیمی ها ، اگر شب یخ بزنند ، تابستان گرم و زیبا است. این روز همیشه یک روز پنج شنبه از 19 تا 25 آوریل / آوریل به عنوان یک روز تعطیل است. این امر برای شهردار هر شهر عادی شده است که جشنواره های خانوادگی را برگزار می کند.



# Sjómannadagurinn



Sjómannadagurinn er fyrsti sunnudagurinn í júní ár hvert. Hann er hátíðisdagur allra sjómanna. Flest bæjarfélög halda upp á þennan dag með einhvers konar skemmtidagskrá við höfnina.

روز دریانوردان

روز دریانوردان: روز صیادان جشن همه ملوانان سالانه در
اولین یکشنبه ماه ژوئن برگزار می شود ، در این روز
شهرداری ها مهمانی ها و جشنواره ها را در شهرهای بندری
برگزار می کنند



# 17. júní

Íslenski þjóðarhátíðardagurinn er haldinn hátíðlegur 17.júní ár hvert. Það er fæðingardagur Jóns Sigurðssonar og almennur frídagur. Á 17. júní er fjölbreytt hátíðardagskrá til að minnast lýðveldi Íslands þann 17. júní 1944.

روز ملی 17 ژوئن: روز استقلال است ، در این روز یون سیگوردسون
، رهبر جنبش استقلال متولد شد، این روز در ایسلند تعطیل
محسوب می شود. در این روز جشنواره های زیادی برگزار می شود ،
به یاد روز تاسیس کشور مستقل ایسلند در 17 ژوئن 1944

# Verslunarmannahelgi

**Frídagur verslunarmanna er fyrsti mánudagur í ágústmánuði. Hann myndar þriggja daga helgi sem kölluð er verslunarmannahelgi. Frídagur verslunarmanna var upphaflega bara fyrir verslunarmenn en þessi þriggja daga helgi varð mjög vinsæl sem almenn ferðahelgi og mánudagurinn er nú lögboðinn frídagur. Helgin er ein mesta ferðahelgi ársins og fjölbreyttar útihátíðir eru haldnar víða um landið.**

ڤیرسلونارماناهیلگی : تعطیلات روز معامله گران اولین دوشنبه در ماه آگوست است و یک تعطیلات سه روزه است که از جمعه شروع می شود و تا یکشنبه ادامه می یابد. از ابتدا این مناسبت برای بازرگانان و فروشندگان بود ، اما اکنون این یک جشن عمومی برای همه است و بیشتر ساکنان به روستاها ، اردو زدن یا در خانه های تابستانی سفر می کنند و آنها در مهمانی ها و جشنواره های گروهی در آنجا شرکت می کنند



# Þorláksmessa

Þorláksmessa er þann 23.desember. Hún er kennd við Þorlák hinn helga Þorláksson biskup í Skálholti en hann lést þennan dag. Í dag er Þorláksmessa hluti af jólaundirbúningnum og þá borða margir kæsta skötu og lyktin af þorláksmessuskötunni finnst um allan bæ.

ثورلاوکسمیسا : این روز تشییع ثورلاوک است. 23 دسامبرهرسال به یاد مقدس تورلاوکور است و او اسقف بزرگترین کلیسای ایسلند بود و به همین مناسبت مردم غذایی را به نام ماهی تخمیر شده می خورند که به دلیل بوی نامطبوع آن معروف است.



# Jól

Jól eru haldin hátíðleg þann 24. desember. Jólin eru hringd inn klukkan sex á aðfangadagskvöld. Jólamaturinn er oftast kjötmeti s.s. rjúpa, hangikjöt eða hamborgarahryggur ásamt meðlæti. Flestir verja aðfangadagskvöldi með fjölskyldunni og opna gjafir eftir jólamatinn. Jólaskreytingar eru áberandi á Íslandi og jólaljósin lýsa upp dimmasta skammdegið.




کریسمس مهمترین و مقدس ترین عید است ، در 24 دسامبر ساعت 6 بعد از ظهر ، ایسلندی ها جشن می گیرند و دور یک میز دلچسب از گوشت دودی حیوانات و پرندگان جمع می شوند و سپس هدایایی را باز می کنند. آنها با هم خواندن کتاب و داستان یا ملاقات با خانواده و عزیزان. آداب و رسوم ایسلند شامل تزئینات و شمع / چراغ برای روشنایی خانه ها در تاریکی یک زمستان تلخ است.

# Gamlárskvöld

Gamlársdagur er síðasti dagur almanaksársins 31. desember, í vestrænni menningu. Margir minnast liðins árs á gamlárskvöld og fagna hinu nýja ári með veisluhöldum og með því að skjóta upp flugeldum. Ýmsar hefðir eru í kringum hátíðarhöld og víða eru áramótabrennur.

شب سال نو : در فرهنگ غربی ، روز سال نو آخرین روز سال تقویمی ، 31 دسامبر است. در شب سال نو ، مردم سال گذشته را گرامی می دارند و سال جدید را با جشن و آتش بازی جشن می گیرند. در این روز سنتهای مختلفی جشن گرفته می شود و در بسیاری از نقاط آتش بازی به آسمان می وزد

# Þrettándinn

Lokadagur jóla er 6. janúar. Þá fer síðasti jólasveinninn aftur til fjalla og þar með lýkur jólunum. Á þrettándanum eru oft haldnar útiskemmtanir með brennu, dans og söng. Þar koma stundum fram álfar, tröll og jólasveinar. Fólk kemur saman við brennuna með kyndla, skýtur upp síðustu flugeldunum frá áramótum og syngur saman áramóta- og álfasöngva.

سیزدهم / سی‌زدهم ژانویه یا کریسمس آخرین روز کریسمس است ، روزی که در آن آخرین فرزندان بابانوئل به کوهها برمی گردند و این به معنای پایان کریسمس است و در این روز آتش خداحافظی می شود و مردم می رقصند و شعار می دهند. - بعضی اوقات شب ها کوتوله ، ارواح (شوخی بچه ها) و آتش بازی خداحافظی با Papanuel هستند







LÁTUM **DRAUMANA** RÆTAST

Menntastefna Reykjavíkurborgar

MML
miðja máls og læsis